

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið  
b/t Jóns Þrándar Stefánssonar  
Skúlagötu 4

101 Reykjavík


Patreksfirði, 11. febrúar 2021

### EFNI: Almennur byggðakvóti á Tálknafirði 2020/2021.

Oddi hf. á Patreksfirði er stór hagsmunaaðili vegna byggðakvótans á Tálknafirði. Við teljum að niðurfelling vinnsluskyldu væri alvarleg mistök. Við höfum gert samninga við Byggðastofnun vegna Aflamarks Byggðastofnunar á Tálknafirði og tvær útgerðir á Tálknafirði, Stegla ehf og Garraútgerðina ehf. Þessar tvær útgerðir hafa undanfarin ár einnig verið með stóran hluta almenna byggðakvótans. Öllum þessum aflu hefur verið landað á Tálknafirði og keyrt yfir á Patreksfjörð. FG ehf. á Tálknafirði hefur landað aflanum á Tálknafirði og höfum við keypt ís frá þeim líka. Allar útgerðir á Tálknafirði hafa haft tækifæri til að gera við okkur vinnslusamning.

	2016/2017		2017/2018		2018/2019		2019/2020	
	Magn	Hlutfall	Magn	Hlutfall	Magn	Hlutfall	Magn	Hlutfall
Annar afli Stegla og Garraútgerðin	961.741	59,98%	987.817	63,72%	972.803	55,43%	806.999	51,07%
Samtals	641.605	40,02%	562.414	36,28%	782.148	44,57%	773.180	48,93%
	1.603.346	100,00%	1.550.231	100,00%	1.754.951	100,00%	1.580.179	100,00%

Mynd 1 Taflan sýnir landaðan afla á Tálknafirði fiskveiðiárin 2016-2020.



Mynd 2 Heimild: <http://www.fiskistofa.is/veidar/aflaupplýsingar/landanir-efir-hofnum/> 11.02.2021

Á myndunum hér fyrir ofan má sjá hve miklu og í hvaða hlutfalli hefur verið landað af Steglu ehf. og Garraútgerðinni ehf. á Tálknafirði sl. 4 fiskveiðiár (heildarafli, allar tegundir). Má sjá að hlutfallið hefur farið hækkandi. Þetta skiptir því verulegu máli fyrir Odda hf. Af heildarhræfnismagni í Odda hf. er þetta á sl. almanaksári 18,21% eða 740 tonn.

Suðurfirðir Vestfjarða hafa verið skilgreindir sem eitt atvinnusvæði, m.a. af Byggðastofnun sem skilgreinir svæðið sem eitt vinnusóknarsvæði.

Eins og sjá hér að neðan sem er úr skýrslu Odda hf. til Byggðastofnunar vegna Aflamarks Byggðastofnunar fyrir fiskveiðiárið 2019/2020, leggur félagið talsvert á sig til að ráða fólk frá Tálknafirði til vinnu:

*„Starfsmenn frá Tálknafirði voru um 15 á sl. ári, 6 á sjó og 9 í landi, bæði í fullt starf og hlutastörf og er það aukning frá fyrra ári. Vegna tilkomu almenningsamgangna á milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar hefur reynst auðveldara að ráða fólk sem býr á Tálknafirði. Oddi hf. styrkir almenningsamgöngur á milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar um 2 milljónir króna á ári í samstarfi við sveitarfélögin svo auðveldara verði fyrir starfsfólk að komast á milli. Vegna húsnæðisskorts hefur fólk jafnvel flutt til Tálknafjarðar en unnið hjá Odda hf.“*

Rök Tálknafjarðarhrepps til að fella niður vinnsluskyldu eru þau að gefa útgerðaraðilum tök á því að fá sem best verð fyrir fiskinn.

Skv. tölum ársins 2020 fyrir Steglu ehf. og Garraútgerðina ehf. voru verðin svona að meðaltali:

Tegund	kg.	Markaðsverð	VS verð	Samningsverð	Munur
Þorskur	530.442	315	251	300	4,9%
Ýsa	102.753	271	217	257	5,5%
Steinbítur	84.051	81	105	106	-23,0%

Yfir tímabilið er verðið á þorsk og ýsu u.þ.b. 5% hærra á markaðinum en steinbíturinn 23% lægra en það verð sem Oddi hf. borgar. Samantekið er þetta 3,7% lægra verð í heildina. Oddi hf. hefur greitt hæsta verð sem þekkist fyrir byggðakvóta á landinu. Þessi niðurstaða hér að ofan, þýðir fyrir hafnarsjóð Tálknafjarðarhrepps að hann verður af tekjum uppá ca. 116 þús. og auknar útsvarstekjur vegna sjómanna vegna þessa gætu verið um 250 þús.

Árið 2020 greiddi Oddi hf. einstaklingum búsettum á Tálknafirði um 80 milljónir í laun, sem gerir útsvarstekjur uppá ca. 11,7 millj., en það er, m.v. útgönguspá fyrir árið 2020, sem samþykkt var við seinni umræðu þann 21. desember 2020, um 7,4% af útsvarstekjum Tálknafjarðarhrepps árið 2020.

Við teljum að veik rök sveitarfélagsins standist engan veginn skoðun þegar horft er til þess hve margir njóta atvinnu í dag vegna byggðakvótans.

F.h. Odda hf.

  
Ari Hafliðason  
Skrifstofu- og útgerðastjóri